

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á fuglseggjum og afurðum þeirra.

## 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðauka III A við tollalög nr. 88/2005 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvorum.

## 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tímabil innflutnings, vörumagn, verð- og magn soll:

Tollskrárnr.:	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollar	Magn tollar
			kg	%	kr./kg
			<b>76.000</b>		
<b>407</b>	<b>Fuglsegg, í skurn, ný, varin skemmdum eða soðin:</b>				
	<i>Frjóegg til útungunar:</i>				
0407.1100	Af hænsnum af tegundinni <i>Gallus domesticus</i>	01.07.14-30.06.15	0	140	
0407.1900	Önnur	01.07.14-30.06.15	0	140	
	<i>Önnur fersk egg:</i>				
0407.2100	Af hænsnum af tegundinni <i>Gallus domesticus</i>	01.07.14-30.06.15	0	140	
0407.2900	Önnur	01.07.14-30.06.15	0	140	
0407.9000	Önnur	01.07.14-30.06.15	0	140	
<b>408</b>	<b>Fuglsegg, skurnlaus, og eggjarauða, nýtt, þurrkað, soðið í gufu eða vatni, mótað, fryst eða varið skemmdum með öðrum hætti, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:</b>				
	<i>Eggjarauða:</i>				
0408.1100	Þurrkuð	01.07.14-30.06.15	0	588	
	<i>Önnur:</i>				
0408.1901	Gerilsneyddar eggjarauður með 7% saltinnihaldi, í 5 kg umbúðum eða stærri	01.07.14-30.06.15	0	156	
0408.1909	Annars	01.07.14-30.06.15	0	156	
	<i>Annað:</i>				
0408.9100	Þurrkað	01.07.14-30.06.15	0	588	
	<i>Annars:</i>				
0408.9901	Soðin egg, í 10 kg umbúðum eða stærri	01.07.14-30.06.15	0	156	
0408.9909	Annars	01.07.14-30.06.15	0	156	

## 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað samkvæmt auglýsingu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar.

## 4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vegna viðkomandi vöruliðar. Tilboð skulu ráða úthlutun. Til þess að tilboð teljist gilt skal því fylgja ábyrgðaryfirlysing banka, sparisjóðs eða vátryggingafélags þar sem fram kemur að viðkomandi ábyrgðarveitandi tryggi að tilboðsgjafi geti staðið við tilboð sitt.

Tilboðsgjafi sá er hæst býður skal leysa til sín úthlutaðan tollkvóta með greiðslu andvirðis hans innan sjö daga frá dagsetningu tilkynningar um niðurstöðu útboðs.

Úthlutun skv. 1. og 2. mgr. er ekki framseljanleg.

Nr. 526

4. júní 2014

5. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 448/2012 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvorum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 30. júní 2015.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 4. júní 2014.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Ólafur Friðriksson.**

*Ása Þórhildur Pórðardóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 5. júní 2014